

## Breytingartillögur

við frv. til l. um farþegagjald og gistináttagjald.

Frá efnahags- og skattanefnd.

1. 2. gr. falli brott.
2. 3. gr. orðist svo ásamt fyrirsögn:

### *Gistináttaskattur.*

Greiða skal í ríkissjóð gistináttaskatt af hverri seldri gistináttaeiningu eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum. Gistináttaeining er leiga á gistiðstöðu í allt að einn sólarhring, þ.m.t. yfir nótt. Með gistiðstöðu er átt við húsnæði eða svæði sem leigt er út í þeim tilgangi að þar sé dvalið yfir nótt, svefnaðstaða sé fyrir hendi eða hægt sé að koma henni fyrir og leigan sé almennt til skemmri tíma en eins mánaðar, svo sem hús, íbúðir og herbergi, þ.m.t. herbergi á hótelum og gistiheimilum, sem og tjaldstæði og stæði fyrir húsbíla, tjaldvagna, fellihýsi og hjólhýsi.

Gistináttaskattur skal nema 100 kr. fyrir hverja selda gistináttaeiningu.

Tilgreina skal gistináttaskatt á sölureikningi eða greiðslukvittun og myndar hann stofn til virðisaukaskatts.

3. 4. gr. orðist svo:  
Atvinnustarfsemi sem er undanþegin virðisaukaskatti er undanþegin gistináttaskatti.
4. Við 5. gr.
  - a. 1. mgr. falli brott.
  - b. 2. mgr. orðist svo:  
Öllum þeim sem selja gistináttaeiningar skv. 1. mgr. 2. gr. ber skylda til að innheimta og standa skil á gistináttaskatti.
  - c. Í stað orðanna „gjaldskyldu skv. 1. og 2. mgr.“ í 3. mgr. komi: skattskyldu.
  - d. 4. mgr. orðist svo:  
Skattskyldir aðilar skulu ótilkvaddir senda ríkisskattstjóra tilkynningu um skattskylda starfsemi áður en hún hefst.
  - e. 5. mgr. orðist svo:  
Ríkisskattstjóri heldur skrá yfir skattskylda aðila samkvæmt lögum þessum.
  - f. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Skattskyldir aðilar.*
5. 6. gr. falli brott.
6. 7. gr. falli brott.
7. Við 8. gr.
  - a. 1. mgr. falli brott.
  - b. 2. mgr. orðist svo:  
Ríkisskattstjóri annast álagningu gistináttaskatts skv. 2. gr. Skattskyldir aðilar skulu greiða gistináttaskatt fyrir hvert uppgjörstímabil miðað við fjölda seldra gistináttaeininga.
  - c. 3. mgr. falli brott.

- d. 4. mgr. orðist svo:  
 Uppgjörstímabil gistináttaskatts skal vera tveir mánuðir, janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október og nóvember og desember. Gjaldldagi er fimmti dagur annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. Beri gjaldldaga upp á helgidag eða almennan frídag færist hann yfir á næsta virka dag á eftir. Eigi síðar en á gjaldldaga skulu skattskyldir aðilar ótilkvaddir skila innheimtumanni ríkissjóðs skýrslu um fjölda seldra gistináttaeininga á uppgjörstímabilinu og standa skil á greiðslu skattsins.
- e. Í stað orðsins „gistináttagjalds“ í 5. mgr. komi: gistináttaskatts.
- f. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Álagning gistináttaskatts.*
8. Við 9. gr.
- a. 1. mgr. orðist svo:  
 Sé gistináttaskatti ekki skilað á réttum tíma skal skattskyldur aðili sæta álagi til viðbótar skatti samkvæmt skýrslu um fjölda seldra gistináttaeininga. Álag skal vera 1% af þeirri fjárhæð sem vangreidd er fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjaldldaga, þó verður það ekki hærra en 10%.
- b. Í stað orðsins „gjaldi“ í 2. mgr. komi: skatti.
- c. Í stað orðsins „innheimtumanni“ í 3. mgr. komi: innheimtumanni ríkissjóðs.
- d. Í stað orðanna „gistirými og flutningstæki“ í 3. mgr. komi: og gistiáðstöðu.
9. Orðin „varðandi farþegagjald eða gistináttagjald“ í 10. gr. falli brott.
10. 11. gr. orðist svo:  
 Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd laga þessara í reglugerð.
11. 12. gr. orðist svo:  
 Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2012 og gilda um þær gistináttaeiningar sem seldar eru frá og með þeim degi.
12. Fyrirsögn frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um gistináttaskatt.